

Próf í verðbréfavíðskiptum 2021

Prófnefnd verðbréfavíðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfavíðskiptum 2021 sem hér segir: Próf í viðskiptahluta verður haldið **16. mars 2021** og próf í lögfræðihluta **12. maí 2021**. Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 1070/2020 um próf í verðbréfavíðskiptum. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfavíðskiptaprófs, en vakin er athygli á að ekki er skylt að standa fyrir prófi nema að lágmarki tíu þátttakendur hafi skráð sig skv. 3. gr. reglugerðarinnar.

Prófnefnd verðbréfavíðskipta tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr og semur prófsefnislýsingu skv. 4. gr. reglugerðar um próf í verðbréfavíðskiptum. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar: <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/>.

Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfavíðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þeytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið**. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um verðbréfavíðskiptapróf má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þeytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans <http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefamidlun/>. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst tíu dögum fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á vefsvæði prófnefndar: <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/>.

Reykjavík, 19. janúar 2021

Prófnefnd verðbréfavíðskipta